**Nd.** **604. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þskj. 590 [Verkamannabústaðir].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

1. brtt. skal orða svo:

Stofna skal byggingarsjóði í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að lána til íbúðarhúsabyggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, enda hafi verið færð rök að því fyrir atvinnumálaráðherra af 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum, að þörf sje slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.